



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 11.08.2016, kl. 18:00

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir.
Forfallaðir voru: Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Ákveða fastan fundatíma Aðalstjórnar veturinn 2016-17
Niðurstaða: Fastur fundatími Aðalstjórnar mun vera seinasti miðvikudagurinn í hverjum mánuði kl. 17.30
2. Farið yfir aðgerðaráætlun stjórnar og verkefni framundan
 - Samningar lausir við Garðabæ um áramótin
Niðurstaða: Sigurður Bjarnason og Kristján B. Thorlacius ásamt framkvæmdastjóra munu vera í forsvari fyrir Stjörnuna í þessu máli og setja sig í samband við Garðabæ um endurnýjun á samningum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.
 - Skipurit og vaxtaverkir í innra starfi Stjörnunnar
Umræða: Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að fá að skoða hvort þörf sé á endurskipulagninu á innra starfi og skipuriti starfsmanna Stjörnunnar í ljósi vaxtaverkja sem eru augljósir í starfi félagsins.
Niðurstaða: Framkvæmdastjóri setur upp aðgerðaáætlun og kynnir fyrir Aðalstjórn, ef stjórn samþykkir aðgerðaáætlun er næsta skref að óska eftir samvinnu stjórna deildanna við endurskipurlagningu ef þess er talið þörf í viðkomandi deild.
 - Félagsheimili Stjörnunnar og vinnuaðstaða starfsmanna
Niðurstaða: Stofnuð var nefnd í vor sem átti að þarfagreina og setja upp hugmyndir af stækkun Stjörnuheimilisins, framkvæmdastjóra er falið að virkja nefndina sem kynnir svo tillögur sínar fyrir Aðalstjórn.
 - Fjárhagsáætlun mfl. Kvenna í körfuknattleiksdeildar lögð fyrir
Niðurstaða: Fjárhagsáætlunin var ekki samþykkt þar sem gögnin voru ekki fullnægjandi. Þorsteini Þorbergssyni, framkvæmdastjóra og fjármálastjóra var falið að hitta formann og gjaldkera stjórnar körfuknattleiksdeildar til að fara yfir stöðuna.

Ekki náðist að taka fyrir önnur málefni og fundi var slitið kl. 20:00, Ritað ÁÍP